



UPPBYGGING SKÓLAMANNVIRKJA Í MOSFELLSBÆ

SAMANTEKT FYRIR FRÆÐSLUNEFND

SKÓLASKRIFSTOFA
MOSFELLSBÆJAR
FEBRÚAR 2014

AÐDRAGANDI

ÁKVARÐANIR FRÆÐSLUNEFNDAR

Að aflokinni fjárhagsáætlunargerð árið 2012 hóf fræðslunefnd yfirferð yfir áætlanir um þróun nemendafjölda í Mosfellsbæ. Á 277. fundi fræðslunefndar þann 12. febrúar 2013 samþykkti fræðslunefnd eftirfarandi:

„Fræðslunefnd leggur til við bæjarsjórn að hafinn verði undirbúningur að uppbyggingu skóla á vestursvæði og í Helgafellsslandi. Í samræmi við framlagt minnisblað er fræðslusviði falið í samvinnu við skóla bjarins að leita lausna varðandi skólastofur bæði varðandi haustið 2013 og næstu skólaár. Horft verði m.a. til Brúarlands í þessu efni. Jafnframt er fræðslusviði falið að hefja undirbúning að áætlun um uppbyggingu nýrra skólamannvirkja. Fræðslunefnd leggur áherslu á það við fræðslusvið og skólastofnanir að í öllu þessu ferli sé tekið mið af Skólastefnu Mosfellsbajar, hlustað sé á raddir barna og haft samráð við foreldrasamfélagið í Mosfellsbæ. Framvinda verði reglulega á dagsskrá fræðslunefndar.“

Í febrúar og mars 2013 voru kynntar hugmyndir fyrir foreldrum í Leirvogstungu og á Huldubergi. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar lá fyrir í apríl, þegar foreldrar í Leirvogstungu sem stóð til boða að vera einu ári lengur í Leirvogstunguskóla kusu að börnin hæfu strax skólagöngu í Varmárskóla. 5 ára börn á Huldubergi skiptust milli þess að vera áfram á Huldubergi og flytjast í Lágafellsdeild í Lágafellsskóla. Þá var ákveðið að 2ja ára börn á Huldubergi myndu hefja leikskóladvöl sína á Höfðabergi. Þetta leiddi til þess að byggðar voru 5 færanlegar kennslustofur, þrjár samtengdar stofur voru staðsettar við Æðarhöfða og tveim stökum stofum var komið inn á lóð Lágafellsskóla.

Í 280. fundi nefndarinnar þann 19. apríl ákvað fræðslunefnd að halda samráði við skólasamfélagið áfram um uppbyggingu skólamannvirkja. Lögð var áhersla á að mikilvægt væri að leita hugmynda frá sem flestum um leiðir. Hugmynd um skólaþing var reifuð á þeim fundi.

Á 281. fundi nefndarinnar þann 21. maí var fyrirkomulag skólaþings kynnt og hugmyndir um framgang málsins reifaðar. Þá var lögð áhersla á að hlustað yrði á raddir barna, en það felst í að unnið verði með og fundin leið til að setja fram hugmyndir barna um góðan skóla og gott skólahúsnæði.

Íbúafundurinn eða skólaþingið var haldinn 25. maí um einkenni góðs skóla. Niðurstöður munu nýtast þegar kemur að þarfagreiningu og hönnun væntanlegra skóla. Hér eru nokkur dæmi sem fram komu á þinginu og birtar voru í skýrslu sem unnin var af Sævari Kristinssyni ráðgjafa frá KPMG. Dæmin varða staðsetningu og umgjörð skólastofnana og þar með uppbyggingaráætlanir um skóla:

Skipulag bygginga

- Bygging vaxi með tíma & breytist í takt við tíma
- Raddir barna fremri arkitektasjónarmiði
- Einfaldar skólabyggingar sem mati þróun og þörfum
- Sveigjanlegir notkunarmöguleikar
- Minnka vægi færanlegra kennslustofa

Skólalóðir

- Pláss fyrir skólana
- Náttúrulegt / ómanngert umhverfi
- Fjölbreytt leiktæki / ámálaðir leikir
- Aðstaða fyrir útikennslu og ræktun
- Umhverfi skóla hluti af skólanum

- Öryggisþættir en þó náttúrulegt umhverfi
- Nota umhverfið til að efla umhverfisvitund

Leiðin í skólann

- Tryggja að börn séu örugg á leið úr og í skóla
- Gott og öruggt aðgengi við skóla – aðgreindar aðkomuleiðir að skóla.
- Drop-off svæði í hæfilegri fjarlægð

Í kjölfar þings var settur á lagginnar vinnuhópur á vegum Skólaskrifstofu og skilaði sá hópur skýrslu í haust. Í hópnum voru Jón Þór Þorvaldsson, arkitekt Lágafellsskóla, Helgi Grímsson, skólástjóri, skólustefnuhönnuður Krikaskóla og MA í menntavísindum með áherslu á hönnun grunnskóla og Björn Þráinn Þórðarson forstöðumaður Skólaskrifstofu og framkvæmdastjóri fræðsluviðs.

SKÝRSLA SUMARIÐ 2013 – SKÓLAÞING HAUSTIÐ 2013

Skýrsla var unnin sumarið 2013 og lögð fram í fræðslunefnd haustið 2013. Hún fjallaði um stærð og burðargetu núverandi skóla í Mosfellsbæ, mismunandi valkosti varðandi staðsetningu nýrra skóla, tillögur að nýjum skólasvæðum og úrlausnir í Lágafellsskóla og Varmárskóla vegna væntanlegrar fjölgunar nemenda á næstu árum. Skýrslan var kynnt fræðslunefnd 29. október á 286. fundi nefndarinnar og bókaði nefndin svohljóðandi:

Fræðslunefnd leggur til að skýrsla þessi verði nú kynnt í skólasamfélaginu í samræmi við áætlanir um samráð við skóla og foreldra. Skýrslan verði send hverri skólastofnun og foreldraráðum og óskað eftir ábendingum við framlagðar tillögur sem fram koma í skýrslunni. Ábendingar þurfa að liggja fyrir áður en til skólaþings kemur.

Skólaþing var síðan haldið í 26. nóvember þar sem fjallað var um skýrsluna og þær ábendingar sem fram höfðu komið. Hægt var að koma ábendingum í gegnum heimasíðu Mosfellsbæjar og alls bárust um 20 mismunandi ábendingar.

NIÐURSTÖÐUR SKÓLAÞINGS

Í janúar voru lagðar fram tillögur í fræðslunefnd byggðar á niðurstöðum skólaþings. Niðurstöðurnar voru birtar í skýrslu um þingið og voru unnar af Sævari Kristinssyni ráðgjafa frá KPMG.

Á skólaþinginu komu meðal annars fram eftirfarandi röksemdir:

Nýta Brúarland:

- Leytir álag bæði af yngsta og elsta stigi í búsnæðismálum
- Kostnaður í lágmarki þar sem búsnæðið er til staðar
- Ódýr skammtímalausn

- Skólamanntvirkni enn langt í burtu
- Starfsfólk óttast að ekki myndist skólabeild
- Flétta þarf saman öll skólastigin, þannig að eðlilegt flæði skapist
- Helgafellsskóli verði með aðsetur í Brúarlandi fyrst um sinn (sem útibú hugsanlega frá Varmáskóla, 1.-2. hluti)
- Að nýta Brúarland fyrir nemendur Helgafellshverfis

Helgafellsskóli og Helgafellsskólaláttur

- Þjónar Helgafellsskólaláttur
- Góð staðsetning í Helgafellsskólaláttur – í göngufæri fyrir marga nemendur
- Myndi létt á Varmáskóla – best væri að hann fengi lausar kennslustofur til að leysa vandamál þar á meðan uppbygging Helgafellsskólaláttur stendur yfir
- Uppskipting skólaláttur – uppbygging Helgafellsskólaláttur – sem fyrst
- Til að brúa bilið – fjarlægur kennslustofur á skólaláttur Varmáskóla
- Létt á Varmáskóla með byggingu í Helgafelli (1.-2. hluti)
- Ekki leyfa Varmáskóla að verða að 1000 barna skóla
- Vera á undan með skólaláttur í hverfi áður en byggist upp/ samhliða sbr. Helgafellshverfi

Byggja upp nýjan „Krikaskóla“ fyrir eins til níu ára börn

- Vinsælt meðal foreldra
- Hugmyndin um Krikaskólaláttur í Blikastaðalandi er ágæt. Þarfir barna á aldrinum 1-9 eru mögulega líkari en þarfir barna 6-16 ára. Fundarmenn almennt jákvæðir gagnvart tillögnum.
- Nýta Höfðabergsvæðið þangað til skólinn verður tekinn í gagnid
- T.d. með samtengdum fjarlægum kennslustofum (eins og í Höfðabergi)
- Tekur við í nýju hverfi og leysir núverandi vanda
- Leysir vanda á meðan uppbygging á sér stað í hverfinu
- Horfa til samnýtingar, líkt og í Krikaskóla, geta börn verið í skólanum fleiri daga á ári. T.d. hægt að skipuleggja frístund yfir sumar frá skólanum.

Viðbygging við Lágafellsskóla

- Of margir þegar í skólanum og því er þessi kostur ekki vænlegur
- Minnkar skólalátturina ef byggt er meira
- Eftir X ár værum við með of mikið pláss vannið
- Útisvæðið nýtist illa á byggingartíma
- Ástandið í Lágafellsskóla í dag er ekki gott. Gæði skólaláttur hafa farið niður á við undanfarin ár samhliða fjölgun nemenda í skólanum sem er sprunginn.
- Byggja þarf til framtíðar og bættu notkun fjarlægur kennslurýma.

FRÆÐSLUNEFND – TILLÖGUR Í JANÚAR

Í janúar voru lagðar fram tillögur byggðar á niðurstöðum seinna skólalátturins í fræðslunefnd. Lögð voru fram rök fyrir valkostum og rök fyrir því hvers vegna öðrum valkostum var hafnað.

Eftirfarandi tillögur voru lagðar fram:

- Hafin verði hönnun og bygging Helgafellsskólaláttur og byggingu skólaláttur skipt í 3 áfanga.
 - Hönnunarferlið hefjist í janúarlok 2014.

- Ferlið hefst með söfnun gagna í þarfagreiningu þar sem sérstaklega verði haft til hliðsjónar “raddir” barna um hvað þrýði góðan skóla og niðurstöður af Skólaþingi í maí 2013.
 - Samhliða fari fram undirbúningur varðandi þarfagreiningu hjá Eignasjóði.
 - Strax verði farið að huga að hagkvæmstu og skilvirkustu leiðum varðandi val á arkitektum og hönnuðum.
- Lausn haustið 2014
 - Brúarland verði nýtt, svo ekki þurfi að koma til bygging færanlegra stofa næstu 2 árin vegna austursvæðis.
 - Stjórnun og fyrirkomulag kennslu í Brúarlandi verði leyst af Skólaskrifstofu í samráði við stjórnendur Krikaskóla og Varmárskóla.
 - Lausn liggi fyrir í lok janúar.
 - Kannaðir verði frekar valkostir á stækkun á Krikaskólanum sjálfum eða í næsta nágrenni hans.
 - Ákvörðun liggi fyrir sem hluti af heildarlausn í lok janúar.

Þá voru einnig lagðar fram hugmyndir um lausnir næstu árin með tilliti til staðsetningu færanlegra stofa við Brúarland þar sem opið var meðal annars fyrir nýtingu Brúarlands um nokkurt skeið til að taka við fjölgun í Varmárskóla. (Sjá hjálagðar glærur, frá 7. janúar).

Tillögur um að Leirvogstunguskóli yrði leikskóli í framtíðinni voru einnig lagðar fram:

- Eins og horfur eru nú eru ekki forsendur til framtíðar að grunnskóli geti byggst upp í Leirvogstungu með sama hætti og Krikaskóli.
- Hverfið er að byggjast mun hægjar upp en fyrri forsendur gerðu ráð fyrir.
- Leiðir til þess að fjöldi grunnskólabarna í hverjum árgangi úr hverfinu nær ekki bekkjarstærð.
- Hverfið stendur hins vegar vel undir leikskóla.

Varðandi vestursvæðið voru lagðar fram eftirfarandi tillögur um skóla við Blikastaðaland:

- Hafin verði hönnun og bygging nýs skóla á vestursvæði og byggingu skipt upp í 2-3 áfanga.
 - Hönnunarferlið hefjist í janúarlok 2014.
 - Ferlið hefjist með söfnun gagna í þarfagreiningu þar sem sérstaklega verði haft til hliðsjónar “raddir” barna um hvað þrýði góðan skóla og niðurstöður af Skólaþingi í maí 2013.

- Samhliða fari fram undirbúningur varðandi þarfagreiningu hjá Eignasjóði.
- Strax verði farið að huga að hagkvæmstu og skilvirkustu leiðum varðandi val á arkitektum og hönnuðum.
- 1. áfangi tilbúinn 1. janúar 2017, jafnvel haustið 2016.
- Lagt er til að stefnt verði að byggingu skólahúsnæðis fyrir grunnskóla, sem nýst getur sem leikskóli í framtíðinni.
- Stefnt er að því að staðsetning verði við Æðarhöfða við hlið Höfðabergs.

Hugmynd um grunnskólahúsnæði sem verður að leikskólahúsnæði í framtíðinni er fengin úr „Skýrslu um stefnumótun og uppbyggingu skólahverfa og byggingu nýrra skóla í Mosfellsbæ“ sem nefnd hefur verið hér á undan. Þar segir:

„Ein möguleg lausn er að hefja byggingu nýrrar skólaeiningar sem með tíð og tíma getur þróast út í sambærilegt skólaform eins og Krikaskóli. Til að byrja með myndi hann samt þjóna þeim þörfum sem upp eru komnar í Lágafellsskóla og lýst var hér að framan. Markmið til að byrja með væri að fækka nemendum í Lágafellsskóla í eða niður fyrir 600. Og þá þarf að búa til 140 nemenda grunnskólaeiningu auk 20-25 leikskólabörnum í 5 ára deild, en síðar gæti húsnæðið nýst fyrir leikskólabörn, þannig að nemendafjöldi væri upb. 210 – 220 til framtíðar.“ (Bls. 13).

Afleiðing af þessari tillögu yrði þá eftirfarandi:

- Haustið 2014 verði breyting á starfsemi Höfðabergs og yngstu börnin færast yfir á Hulduberg.
- Haustið 2014 verði færðar færanlegar kennslustofur (4) af lóð Lágafellsskóla og stofnað útibú frá Lágafellsskóla fyrir 5 – 6 ára börn.
 - Undirbúningur að þessu ferli hefjist í lok janúar í samvinnu við Eignasjóð.
 - Undirbúningi lokið 15. mars.
 - Framkvæmd 10. júní – 1. ágúst.
- Hafinn verði undirbúningur að skólahaldi og fyrirkomulagi útibús við Höfðaberg í lok janúar 2014.
 - Ákvörðun verður tekin um stjórnun, skipulag og áherslur í starfi.
 - Ákvörðun verður tekin um starfstíma skólastarfs, þar sem 5 ára börn eru í leikskólaþjónustu.
 - Tekin verði ákvörðun um hvort um 200 daga skólastarf og þjónustu verði að ræða að höfðu samráði við foreldra.
- Undirbúningi lokið 1. apríl 2014.

Færð voru rök fyrir því hvers vegna aðrar helstu hugmyndir urðu ekki fyrir valinu (sjá glærur í fylgiskjöllum). Eftirfarandi rök voru sett fram fyrir höfnun á hugmynd um skóla í Sunnukrika:

- Hugmyndir um sjálfstæðan nýjan skóla við Sunnukrika eða safnskóla fyrir unglunga
- annað hvort við Krikaskóla
 - eða við Vesturlandsveg
 - Óheppileg staðsetning sem hverfissskóli
 - í framtíðinni yrði skólinn líklega safnskóli á unglingastigi og fram hefur komið óvissa hvort slíkt skólaform gangi upp á næstunni eða í framtíðinni yfirleitt
 - löng gönguleið – krefst skólaaksturs, bæði frá Varmárskólasvæði og Lágafellsskólasvæði
 - 2-3 km úr Helgafellslandi
 - framtíðar-umferðarhætta af Vesturlandsvegi
 - langt er í yfirbyggingu Vesturlandsvegar, ef þá nokkurn tíma, sbr. Miklabraut
 - í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að Sunnukriki verði beintengdur við afrein af Vesturlandsvegi fyrir fyrirtæki á svæðinu
 - skólinn yrði í hringiðu fyrirtækja og verslana sem ætlað er að rísi við Sunnukrika
 - Ekki verður undan vikist út frá nemendafjölda að skóli í Helgafelli rísi ekki seinna en 2022 eða 7 árum eftir byggingu unglingskóla.
 - Þrýstingur frá íbúum Helgafellslands mun gera að verkum að skólabygging þurfi að hefjast þar mun fyrir.

Í þessu felst að ef sveitarfélagið þarf að byggja tvo skóla á sama skólasvæðinu í stað eins.

HLUSTAÐ NÁNAR EFTIR VIÐBRÖGÐUM SKÓLASAMFÉLAGSINS

Þessar tillögur voru kynntar í skólasamfélaginu og var foreldrafélögum leik- og grunnskóla, foreldraráðum leikskóla, skólaráðum grunnskóla og skólastjórnendum leik- og grunnskóla gefin kostur á að koma með athugasemdir fyrir nefndina. Starfsmenn skóla og aðrir gátu þá eftir atvikum komið athugasemdum til skólastjórnenda, sem færðu þær áfram til fræðslunefndar. Þær voru fluttar munnlega á fundi en jafnframt lagðar fram skriflega og fylgja fundargerð fræðslunefndar frá 21. janúar, 2014.

Skólaráð Lágafellsskóla, foreldraráð Huldubergs og skólastjórnendur Lágafellsskóla lýstu sig fylgjandi tillögum á vestursvæði. Foreldrafélag Lágafellsskóla vildi ræða mál frekar og fá frekari rökstuðning.

Skólastjóri Varmárskóla kynnti hugmyndir Varmárskóla, meðal annars starfsfólks skólans, þar sem fram komu efasemdir um nýtingu Brúarlands, því það gæti leitt til skorts á samfellu í skólastarfi. Fulltrúar foreldra Varmárskóla lýstu einnig yfir efasemdum um nýtingu Brúarlands. Þar kom fram að auðveldara væri fyrir Varmárskóla að nýta færanlegar kennslustofur sem staðsettar væru á Varmártorfunni.

Foreldrar úr Krikaskóla mættu á fundinn og lýstu frekari stuðningi við að nýr skóli rýsi við Sunnukrika.

Almennt var auglýst eftir frekari rökstuðningi fyrir þeim valkostum sem stefnt var að yrðu fyrir valinu.

FRÆÐSLUNEFND 27. JANÚAR 2014

Kynntar voru nýjar hugmyndir frá Skólaskrifstofu til skoðunar eftir framkomnar ábendingar á fundi fræðslunefndar 21. janúar, 2014. Lagður var fram frekari rökstuðningur fyrir þeim valkostum sem stefnt er að, meðal annars framreikningur á nemendafjölda bæði á austur- og vestursvæði. Þá var lögð fram sú hugmynd að stefnt skyldi að því að 6 og síðar 7 ára börn yrðu í Brúarlandi, en áður höfðu þær hugmyndir verið skoðaðar að 6. bekkur og síðan 7. bekkur Varmárskóla myndi nýta bygginguna. Varmárskóli hefur lagt áherslu á að tryggja samfella í skólastarfi milli árganga og er stungið upp á þessi lausn, þannig að samfella verði alla vega frá 3. bekk. Jafnframt felur tillagan í sér að lágmarka notkun Brúarlands í tíma og það verði aðeins nýtt í 2 ár. Tillagan var lögð fram svona:

- Stefnt verði að byggingu Helgafellsskóla mun hraðar en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir, svo nýta þurfi Brúarland í sem skemmstan tíma.
- Því verður Brúarland nýtt sem stofn-skóli fyrir Helgafellsskóla og gæti orðið sjálfstæður frá Varmárskóla.
 - 2014-15: 1. bekkur. Nemendur: 55
 - 2015-16: 1. bekkur og 2. bekkur: $55+73=128$
 - Eftir það skiptast árgangarnir eftir búsestu. Þeir færast í Helgafellsskóla sem eiga heima ofan Vesturlandsvegar.
 - 2016-17: 1., 2. og 3. bekkur í Helgafelli = 70
 - 2016-17: 1. 2. og 3. bekkur í Varmá = 125
- Börn úr Krikaskóla geta í nánustu framtíð valið milli Varmárskóla og Helgafellsskóla.

Tillögur varðandi vestursvæði eru óbreyttar en færður var fram frekari rökstuðningur fyrir valinu.

Niðurstaða fræðslunefndar var að til að koma til móts við óskir um frekari samtal við foreldra sem hafa óskað þess, meðal annars til þess að setta ólík sjónarmið og upplýsa betur um þær tillögur sem lagðar hafa verið fram og rök fyrir þeim.

FUNDIR MEÐ FORELDRAFÉLÖGUM

Stjórnir foreldrafélaga voru boðaðar til fundar með eftirfarandi markmiði:

- skýra sjónarmið og leggja fram frekari rökstuðning
- hlusta eftir frekari sjónarmiðum

1) Fundur með stjórn foreldrafélags Leirvogstungu.

Miklar áhyggjur komu fram um nýtingu Brúarlands fyrir yngstu árgangana. Eindregin ósk kom fram um að byggðar verði færanlegar kennslustofur við Varmárskóla og vísað til skólaþings og framkominna athugasemda á fundum með fræðslunefnd.

Í Leirvogstunguskóla var foreldrum einnig kynntar teikningar af væntanlegum umbótum á skólalóð og næsta nágrenni og útfærsla á húsakynnum þegar síðustu tvær kennslustofur verða tengdar við núverandi húsnaði, eins og til hefur staðið um leið og þær stofur losnuðu úr notkun FMOS, og er þá allt húsnaði Brekkukots (af skólasvæði Helgafells) flutt yfir á skólasvæði Leirvogstunguskóla.

Ósk kom fram um að nánari útlistun á hvað ákvörðun um framtíð skólabygginga í Leirvogstungu muni þýða, meðal annars um tímasetningar á byggingu varanlegs skólahúsnaðis á svæðinu. Bent var á að með fjölgun stofa og samtengingu þeirra, umbóta á eldhúsi, bættri umgjörð Leirvogstunguskóla sem leikskóla stendur núverandi húsnaði fyllilega undir öllum kröfum um leikskóla einkum og sér í lagi ef tekið er tillit til fjölgunar leikskólabarna en samkvæmt þjóðskrá frá janúar 2014 er gert ráð fyrir að árgangar þróist með eftirfarandi hætti:

– Nemendafjöldi 2013:	56
– Nemendafjöldi 2014:	51
– Nemendafjöldi 2015:	46

» (Miðað við þjóðskrá janúar. 2014).

Tekið skal fram að hér er ekki tekið með væntanleg fjölgun vegna nýrra íbúa á svæðinu.

Á fundinum í Leirvogstungu var gerð tilraun til að útfæra það sem nefnt hefur verið „tækifæri“ í skólastarfi og oft hafa verið nefnd í umræðunni um skóla fyrir 6 og 7 ára börn í Brúarlandi og skóla fyrir 5 til 7 ára börn við Höfðberg án sérstakrar útfærslu. Hér er bara eitt dæmi, sem þarf frekari útfærslu stjórnenda í samvinnu við starfsfólk og foreldra. Dæmið sem kynnt var er svohljóðandi:

Innra starf – drög að áherslum

- Skólastarf (skólaskylda) – hefst kl. 9 og er til 15.
- Hús opnar 7:30
- Frístund / gæsla frá 7:30 – 9:00
- Á morgnana verður boðið upp á hressingu – t.d. hafragraut fyrir alla.
- Frá kl. 15-17 – Frístund í Brúarlandi

- Íþróttafjör sótt í takt við óskir foreldra eins og áður.
- Áhersla á útvíst – hreyfingu – heilsu.
- Áhersla á grunnfög – læsi (bóklæsi og stærðfræðilæsi)
- Áhersla á skapandi greinar – list og verkgreinar á svæðinu
- Íþróttir og sund sótt á Varmárvæðið
- Skólinn sjálfstæð eining sem mest – en mikil áhersla á samstarf við Varmárskóla um framhaldið.

Sumum foreldrum á fundinum þóttu þessar tillögur ekki bragarbót, einkum það sem lýtur að breyttu upphafi skólastarfs. Hér er hins vegar útfærsla á skipulagi skólastarfs, sem sótt er í reynslubanka Krikaskóla, sem að mati Skólaskrifstofu er aukin þjónusta og bætir lífsgæði ungra skólabarna, m.a. þar sem teygist á skóladegi – og dregur þar af leiðandi úr asa og hraða í daglegu starfi.

En áhyggjur foreldra í Leirvogstungu bárust einnig til foreldra á öðrum leikskólum og því óskuðu forldrar barna á Reykjakoti eftir fundi. Komið var til móts við þær óskir. Í framhaldi af því, eftir samráð við leikskólastjóra og fulltrúa foreldra á öðrum leikskólum var ákveðið að funda á öllum leikskólum, einkum með foreldrum þeirra barna sem eru á leið í 1. bekk grunnskóla næsta haust. Því verður búið að funda og upplýsa foreldra í leikskólum fyrir fræðslunefndarfund 11. febrúar, bæði á austursvæði og vestursvæði.

Foreldrar barna við Reykjakot fengu kynningu, en þar voru fleiri raddir hliðhollar hugmyndum um Brúarland en í Leirvogstungu. Þar kom fram sú hugmynd að ef hægt væri að leggja í aukin kostnað og setja færanlegar kennslustofur við Varmárskóla, hvor ekki mætti kjósa um hvor leiðin væri valin.

Fundur með foreldrum barna á Hlíð og Hlaðhömrum leiddi í ljós að fleiri en áður voru hlynntir Brúarlandshugmyndinni, þar sem 4ra og 5 ára börn af Hlaðhömrum eru í Brúarlandi þessa dagana vegna þess að viðgerð fer fram á elsta hluta húss Leikskólans Hlaðhamra. Engu að síður kom í ljós áhyggjur foreldra af notkun Brúarlands og voru ítrekaðar óskir fulltrúa foreldrafélagsins um að reyna að leysa húsnæðisvandann í Varmárskóla sjálfum, þó með færanlegum kennslustofum sé.

2) Fundir með fulltrúum foreldra Varmárskóla, Krikaskóla og Lágafellsskóla fóru fram þannig að fulltrúar stjórnar foreldrafélaga óskuðu eftir því að fulltrúar frá nýju svæðisfélagi Heimils og skóla eða foreldráði Mosfellsbæjar fengju að sitja fundina. Fyrir bragðið reyndist ekki þörf að halda sérstakan fund með nýju svæðisráði foreldra.

Megin niðurstaða er sú að þessir fulltrúar lýsa yfir áhyggjum af áherslum sveitarfélagsins (og reyndar áherslum skólaþings) á mikilvægi þess að hefja byggingu Helgafellsskóla. Jafnframt líta

Þeir svo á sveitarfélagið hafi ekki fært fram næg rök fyrir því að ekki verði reistur Miðbæjarskóli við Krikaskóla eða Sunnukrika.

Við frekari skoðun á þessari hugmyndi er rétt að áréttta eftirfarandi rök sem mæla ekki með útfærslu á þessari hugmynd:

A) Niðurstaða skýrslu um stefnu og uppbygginu skólahverfa og nýrra skóla í Mosfellsbæ mælir með að nýir heildstæðir skólar sveitarfélagsins séu 550-600 nemendur. Byggingarleg hagkvæmnisrök og reynsla Mosfellsbæjar af rekstrarlegum ávinningi þeirrar stærðar eru megin röksemdin fyrir þessu. Miðbæjarskóli við Sunnukrika myndi aldrei verða svo stór nema tekið væri til við meiriháttar nemendaflutninga úr fjarlægari hverfum, svo skóli af slíkri stærði myndi nýtast.

B) Með ráðstöfun um byrjendaskóla sem tengdur er Lágafellsskóla og staðsettur er við Höfðaberg má gera ráð fyrir að á næstu 5-8 árum verði nemendafjöldi af skólasvæði Lágafellsskóla ekki meiri en svo að nemendafjöldi grunnskólanemenda þar verði 550 til 600 eftir það. Meira að segja má vænta þess að skólasvæðið mætti stækka – og er þá rökréttast að vænta þess að þá verði farið að huga að byggingu íbúðahúsnæðis á Blikastaðalandi í lok þessa tímabils. Sjá eftirfarandi:



Spá 2014-2023		2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Lágafellsskóli - heild		704	712	698	709	681	659	629	617	588	565
Höfðaberg - grunnskólanemendur	7 ára	0	68	70	62	68	42				
Höfðaberg - grunnskólanemendur	6 ára	68	70	62	68	42	47	45	45		
Höfðaberg - leikskólanemendur	5 ára	45	45	45	42	47	45	45	45	45	45
Höfðaberg alls		113	183	177	172	157	134	90	90	45	45
Lágfellsskóli - nemendafjöldi		636	574	566	579	571	570	584	572	588	565
Höfðabergsstofur		3	3								
Færanlegar stofur af lóð Lágafells		5	9	4	4	4	4				
Nýtt hús				9	9	9	9	9	9	9	9
		8	12	13	13	13	13	9	9	9	9
Meðalfjöldi nemenda á hús		14,1	15,3	13,6	13,2	12,1	10,3	10	10	5	5

Forsenda þess að Miðbæjarskóli við Sunnukrika geti gagnast til lengri og skemmri tíma er að breyta mörkum milli skólahverfa, þ.e.a.s. skólahverfa Lágafellsskóla og Varmárskóla. Því þyrfti hluti nemenda sem núna eru í Lágfellsskóla eða Varmárskóla að skipta um skóla.

C) Þriðja röksemd er skipulagslegs eðlis. Óskað er eftir að gerð verði breyting á aðal- og deiliskipulagi hverfisins, m.a. að umferðarforsendum af Vesturlandsvegi verði breytt. Slíkar breytingar verða að fara til faglegrar umfjöllunar skipulagsnefndar, þar sem ekki er hægt að sjá annað markmið breytingarinnar sé að koma í veg fyrir að fyrirtæki geti verið starfrækt við Sunnukrika. Þá þarf væntanlega að skoða möguleika á öðrum svæðum í Mosfellsbæ undir fyrirtæki. Í öllu falli verður slíkt inngríp í heildarhugsun aðalskipulags, á miðlægu og mikilvægu svæði fyrir bæjarfélagið hvað varðar framtíðar uppbyggingu, að teljast meiriháttar inngríp og krefjast verulegra breytinga á nýstaðfestu aðalskipulagi. Slíkt tæki án efa misseri ef ekki nokkur ár áður en yfir lýkur. Slíkt ferli er of tafsamt fyrir heildarhagsmuni fræðslusviðs og mikilvægi þess að hraða ákvörðunum um uppbyggingu skóla. Allar aðrar tillögur um skólabyggingar sem nú eru í umræðunni eru á deiliskiplögðum lóðum í samræmi við aðalskipulagsáætlanir sveitarfélagsins.

D) Fjórða röksemdin lítur að kostnaði. Ekki þannig meint að fermetrar í skólahúsnæði væru dýrari í skólabyggingu við Sunnukrika frekar en byggingu skóla í Helgafellslandi. Heldur hitt að ekki verður undan vikist að fyrr en síðar verði að reysa skóla í Helgafellslandi og væri þá hægt að reikna það þannig að byggðir væru tveir skólar í stað eins á innan við tíu árum. Kostnaður sveitarfélagsins, eins og marg oft er búið að fara yfir, á fundum og í framlögðum tillögum í fræðslunefnd frá því í haust, er mikill vegna byggingu skóla og nægt verkefni að byggja skóla á vestursvæði við Höfðaberg og í Helgafellslandi, kostnaðarlega séð.

E) Rétt er að minna á að tillögu um frekari skóla á miðsvæði er að hluta til vísað til frekari skoðunar í tengslum við skoðun á stækkun Krikaskóla.

Þrátt fyrir framkomnar röksemdir er það ósk foreldra, einkum foreldraráðs að þessi hugmynd verði skoðuð frekar sem hugsanlegur framtíðarvalkostur.

3) Enn fremur kom fram spurning frá stjórnarmönnum í foreldrafélagi Varmárskóla hvort sveitarfélagið styddist ekki við plan B ef til þess kæmi að Helgafellsland byggðist ekki upp á næstunni? Svar við þeirri spurningu er frekar einföld, ef ekki kemur fólk í bæjarfélagið, fjölgar heldur ekki grunnskólanemendum. Því er nauðsynlegt hins vegar að fara árlega yfir áætlanir og framtíðarspár um fjölgun íbúa og þróun nemendafjölda eftir skólum í Mosfellsbæ. Með þeim áætlunum sem nú hafa verið settar fram er sett fram skýr framtíðarsýn sem auðvelt verður að fylgja eftir og leggja niður áætlanir, skýrar fyrir skólafólki, stjórnendum og ekki síst foreldrum. En það þýðir að ef forsendur breytast til dæmis ef hægir á uppbyggingu og þá mun einnig hægja á hraða á byggingu skóla í samræmi við slíka þróun.

4) Rétt er að lokum að fram komi að stjórnarmenn í foreldrafélagi Lágafellsskóla voru spurðir hvort stjórnin hefði einhverjar aðrar tillögur til lausnar á núverandi húsnæðisvanda og fjölda

færanlegra kennslustofa á skólalóð Lágafellsskóla en til dæmis skólaráð Lágafellsskóla, sem er hinn lögformlegi umsagnaraðili foreldra um áætlanir sveitarfélags. Fulltrúar töldu sig ekki hafa forsendur til að leggja fram aðrar tillögur, en vísuðu að öðru leyti til þess að hugmynd um miðbæjarskóla við Sunnukrika væri skoðuð í framtíðarljósi. Hins vegar óskuðu foreldrar Lágafellsskóla eftir því að geta fengið tækifæri til að ræða málin enn frekar, þá kannski einkum með tilliti til framtíðarskipan mála.

5) Hvað varðar fundi með foreldrum á leikskólum er ljóst að sveitarfélagið þarf að gæta að nokkrum atriðum:

A) Tryggja þarf að öryggismál og leiðir til og frá skóla verði í samræmi við þær umræður sem verið hafa meðal foreldra, fram hafa komið á skólalæringum og verið til umræðu í fræðslunefnd. Hér undir heyrir að gæta þarf að þrengingum á götum, lýsingu og fleiru á leiðum til og frá skóla.

B) Tryggja þarf öruggan aðskilnað milli byggingarsvæðis og skólasvæðis við Höfðaberg.

C) Mikilvægt er að foreldrar, þá einkum foreldrar þeirra leikskólabarna sem á leið eru í nýja grunnskólaeiningu sé boðið að taka þátt í vinnuhópum sem sjá um undirbúning og skipulag skólustarfs, en einnig að tryggja aðkomu að gerð þarfagreiningar og síðar hönnunar nýs skólahúss á svæðinu við Höfðaberg.

Á þessari stundu hefur ekki farið fram fundur með foreldrum 5 ára barna sem eru á leið í Lágafellsskóla næsta ár. Vera má að nauðsynlegt sé að bæta við þennan texta eftir þann fund, en fræðslunefnd verður gert viðvart ef gerðar verða viðbætur vegna þess fundar og koma þær þá hér.

NIÐURSTAÐA

FORSENDUR ÁKVARÐANA FRÆÐSLUNEFNDAR

Það er niðurstaða þessarar fundahrinu með foreldrum að nauðsynlegt er að skoða vel hvort ekki séu valkostir varðandi yngsta nemendahópinn við Brúarland. Það hefur komið fram að svo gæti farið að fjölga þurfi færanlegum stofum við Brúarland seinna árið. Ein leið til að breyta fyrirhugaðri notkun Brúarlands er að flýta gerð slíkra færanlegra stofa og setja þær við Varmárskóla. Ljóst væri að hér væri sveitarfélagið að leggja út í viðbótarkostnað frá því sem áður hefur verið áætlað en að hluta til mætti meta hvort ekki væri verið að færa til kostnað sem annars hefði fallið á fjárhagsárið 2015.

Hvað varðar ákvörðun um byggingu nýs skólahúss við Æðarhöfða, þá skiptir miklu að þeirri ákvörðun sé hraðað. Það er mikill ávinningur fyrir Mosfellsbæ ef hægt verður að taka hið nýja skólahús í notkun fyrir haustið 2016. Jafnframt er mikilvægt að leggja áherslu á að framkvæmd og undirbúningur fari fram í samræmi sem lagt hefur verið til í fræðslunefnd, sjá bls. 5 hér fyrir framan og það sem sagt hefur verið um aðkomu foreldra.

Hvað varðar ákvörðun um byggingu nýs skólahúss í Helgafellslandi skiptir einnig miklu máli að hraða undirbúningi og leggja áherslu að hagsmunaaðilar fái tækifæri til að taka þátt í ferli þarfagreiningar og hönnunar. Engu að síður má þó gera ráð fyrir að fyrsti áfangi skólabyggingar í Helgafellshverfi verði tilbúin haustið 2017, ef til vill nokkrum mánuðum fyrr ef vel gengur.

Það gefur hins vegar möguleika á að sveitarfélagið geti tekið afstöðu til þess hvort tímasetningar byggingar færist til enn frekar, ef fólksfjölgun lætur á sér standa, en í stað þess verður að reiða sig á færanlegar kennslustofur þar til hin steypu skólahús verða tilbúin. Foreldrar sem hafa lýst yfir áhuga á að rýna frekar í framtíðarhorfur mannfjöldaþróunar og hverfisskiptingar geta þá fengið tækifæri til að koma að þeirri vinnu sveitarfélagsins, sem fer fram árlega.

Þá er rétt að minna á þann möguleika sem stækkun Krikaskóla eða stækkun við Krikaskóla á lóð skólans getur að einhverju leiti stutt við Varmárskóla ef nemendafjöldi fer fram úr því sem húsnaði þar stendur undir. Ein hugmynd hefur verið sú að fresta för 9 ára barna í Varmárskóla um eitt ár þar til þau hafa lokið 5. bekk. Hugmyndir sem ganga lengra krefjast frekari skoðunar, ef fjölga ætti um eina bekkjardeild frá 1. til 4. bekkjar, eða fjölga um þrjár bekkjardeildir og bæta við miðstigi, 5. til 7. bekk. Þetta hefur mikil áhrif á skipulag skólans og kennsluhætti, enda tillaga um að fjölga grunnskólanemendum um 75 – 100% í skólanum. Því er mikilvægt að slíkar tillögur verði ekki samþykktar fyrr en að afloknu umsagnarferli skólans og því eðlilegt að gera ekki ráð fyrir að slíkar tillögur gagnist veturinn 2014-15.

Samantekt unnin af forstöðumanni fræðslu- og menningarsviðs fimmtudaginn 6. febrúar 2014.